

1875

Fluttar 925 krónur

37

19da  
maí

31.	Steinn Jónsdóttir, ekkja sira Páls Jónssonar á Höskuldsstöðum . . . . .	35	—
32.	Elizabet Jónsdóttir, ekkja eptir sira Böðvar Þorvaldsson á Melstað . . . . .	40	—
		<hr/>	
		alls	1000 —

38

19da  
maí*Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna)*

um að	5	ljósmæðrum í Skaptafellsýslu,
	7	— — — — Rangárvallasýslu,
	12	— — — — Árnessýslu,
	9	— — — — Gullbringu- og Kjósarsýslu,
	5	— — — — Borgarfjarðarsýslu,
	1	— — — — Mýra- og Hnappadals-sýslu,
	2	— — — — Snæfellsnessýslu,
	1	— — — — Dalasýslu,
	1	— — — — Barðastrandarsýslu,
	4	— — — — Ísafjarðarsýslu,
	1	— — — — Strandasýslu,
	3	— — — — Húnavatnssýslu,
	2	— — — — Skagafjarðarsýslu,
	9	— — — — Eyjafjarðarsýslu,
	6	— — — — Þingeyjarsýslu,
	3	— — — — Norður-Múlasýslu og
	»	— — — — Suður-Múlasýslu,

alls 71 ljósmæðrum<sup>1</sup> sje veittur samkvæmt tillögum landlæknisins 2 króna 81 eyris styrkur hverri, af þeim 200 krónum, sem konungsbrjef frá 20. júní 1766, 3. gr. skipar, að úthluta skuli árlega til allra ljósmæðra hjer á landi.

39

2an  
júní*Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu).*

Með þóknanlegu brjefi frá 30. janúar þ. á. meðtók jeg frá yður herra amtmaður bósnarbrjef Sveins Sveinssonar á Hólum í Hjaltadal um, að honum, með tilliti til þess, að hann hefur um síðastliðin 46 ár fengizt við að sitja yfir sængurkonum í sveit sinni og nærsveitunum og tekið við nokkuð yfir 600 börnum, verði útvegaður lítill árlegur styrkur í elli sinni. Bónarbrjefinu fylgdi álit hlutaðeigandi sýslumanns, og leggið þjer til, að hið umbeðna verði veitt eður þá að beiðandanum veitist styrkur í eitt sinni fyrir öll.

Af þessu tilefni læt jeg ekki hjálða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að þó beiðandinn með yfirsetum sínum hafi gjört mikið gagn í hjeraði því, er hann hefir verið búsettur í, og þó hann með alúðarfullri og ósjerplæginni hjálpsemi sinni hafi unnið til verðlauna, virðist þetta starf hans eigi hafa varðað almenning þannig, að honum fyrir það verði lagður styrkur af landssjóði eður hinum almenna læknasjóði. Þar í mót sje jeg ekki betur enn, að mikil ástæða gæti verið fyrir sýslunefndina í Skagafjarðarsýslu, til að veita beiðandanum lítinn árlegan styrk í þokkabót fyrir starfa þann, sem hann nú um langt árabíl hefur gegnt án

1) Þar að auki eru lagðar einni ljósmóður á Vestmannaeyjum 60 krónur á hverju ári úr læknasjóðnum (op br. 24. marz 1863) og 2 ljósmæðrum í Reykjavík, hverri 100 krónur úr landasjóði (kannsellibrjef 17. septbr 1803 og 28. marz 1840).

nokkurra launa af opinberu sje sýslunni í hag, því starfi beiðandans um þessi ár hefur verið eins konar ljósmóðurstarf, og skipun ljósmóðramála er sveitarmál, sem með 39. gr. tilsk. frá 4. maí 1872 er lögð undir eptirlit sýslunefndarinnar.

Jeg skal því skjóta því undir herra amtmanninn, að hlutast til um að bónarbrjefið verði lagt fyrir sýslunefndina í Skagafjarðarsýslu til úrskurðar.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður og vesturumdöminu).

Með brjefi dagsettu 28. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað beiðni Tómasar hreppstjóra Eggertssonar ábúanda á jörðunni Ingjaldshóli um, að sjer verði leyft að leggja niður 4 af þurrabúðum þeim, sem nú fylgja nefndri jörðu, þannig að búdir þessar verði teknar út af honum með reglulegri úttékt og álagi, og viðurinn úr þeim sje seldur við opinbert uppboð, en andvirði hans og þá einnig ofanálagið sje tekið í umboðssjóðinn. Beiðni þessari fylgdi álit hlutaðeigandi umboðsmanns, þar sem tekið er fram, að fækkun þurrabúðanna, verði ekki álitin nein rýrnun á jörðunni Ingjaldshóli, er eptir sem áður muni byggjast fyrir hina fullu landsskuld sína, og eruð þjer þessu álitu samdóma, og leggið því til, að hið umbeðna leyfi mætti verða veitt, og það því fremur, sem áður hafi verið með brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 25. júlí 1867 leyft að leggja niður 4 aðrar þurrabúdir, er fylgdu nefndri jörð.

Fyrir því skal yður tjáð til leiðbeiningar og þóknanlegrar ráðstafanar, að jeg fellst á tillögur yðar í þessu máli og vona á sínum tíma að fá ítarlega skýrslu frá yður um það, sem gjört verður, og um tölu þurrabúða þeirra, sem eptir verða á jörðunni.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 10. marz þ. á. meðtók jeg eptirrit af erindi umboðsmannsins yfir Þykkvabæjar og Kirkjubæjarklaustursjörðum dagsettu 9. nóvbr. f. á. þar sem hann eptir beiðni ábúandanna á Grímstöðum í Meðallandi, að undantekinni ekkjunnni Vilborgu Stigsdóttur, sem hefur sagt lausum  $\frac{1}{4}$  parti jarðarinnar, er hún býr á, fer þess á leit, að þeim um 5 ára tíma frá næstkomandi fardögum verði veitt áþekk afgjaldslækkun, og veitt var með brjefi dómsmálastjórnarinnar 21. oktbr. 1870 fyrir 5 ára tímabil til fardaga 1875. Þjer getið þess, að þjer á embættisferð yðar í Skaptafellssýslu síðastliðið sumar hafið meðal annara umboðsjarða skoðað þessa jörð og sjeð, að hún hafi orðið fyrir miklum skemdum af sandfoki, samt ætlið þjer að jörðin enn geti borið hundrads (120 álna) landsskuld eins og á henni yrði eptir þeim leigumála, sem samþykktur var með nefndu stjórnarbrjefi, en með hærri leigumála álitni þjer að jörðin ekki geti haldizt í byggingu, og leggið þjer það til, að öllum ábúöndum á jörðunni Grímstöðum verði veitt um 5 ára tímabil frá fardögum 1875 sú afgjaldslnun, að eptir hvern 4ða part jarðarinnar greiðist í landsskuld, eins og umboðsmaðurinn hefur mælt til, 24 álnir á ári, eður í mesta lagi 30 álnir, og eptir hvern áttung hálfu minna.

Af þessu tilefni skal yður tjáð til leiðbeiningar og birtingar, að jeg eptir málavöxtum fellst á, að landsskuldin af jörðunni Grímstöðum í Meðallandi, er samkvæmt hinum upphaflega leigumála jarðarinnar er 160 álnir, færast um 5 ára tímabil frá fardögum 1875 niður í 120 álnir, er greiðist að hálfu leyti eptir meðalverði allra meðalverða en að hálfu með 8 skild. (16 aurum) fyrir hverja alin, og ber ábúöndum hinna einstöku parta jarðarinnar að greiða þá hluta þessarar landsskuldar, sem að rjettri tiltölu koma á þá.